



**4** KAFLI

**LYKILÞÆTTIR  
SKÁTAÆFERÐARINNAR**

# EFNISYFIRLIT



## LYKILÞÆTTIR SKÁTAADFERÐARINNAR

- Skátaaðferðin er ómissandi hluti af uppeldiskerfi skátahreyfingarinnar
- Í fyrsta lagi, fólkið:  
Skátarnir, fullorðnu foringjarnir og sambandið þeirra á milli
- Í öðru lagi, það sem fólkið vill gera:  
Áfangamarkmiðin og verkefnið sem hjálpa til við að ná þeim
- Í þriðja lagi, hvernig er markmiðunum náð:  
Aðrir þættir skátaaðferðarinnar

## SVEITARSTARFIÐ

- Sveitarstarfið mótast af því að beita skátaaðferðinni
- Sveitarstarfið er það sem heldur í unglíngana
- Sveitarstarfið og flokksstarfið skapa lærdómsvettvang
- Sveitarstarfið skapar lífsstíl og mótar siðferðisvitund
- Það er undir foringjunum komið hverstu áhugavert og gefandi sveitarstarfið er

# LYKILÞÆTTIR SKÁTAADFERÐARINNAR

## *Skátaaðferðin er ómissandi hluti af uppeldiskerfi skátahreyfingarinnar*

Skátaaðferðina má skilgreina sem framfarakerfi er miðar að sjálfsmenntun. Hún er viðbót við og vinnur með fjölskyldunni, skólanum og margþættu frístundastarfi unglunga. Skátaaðferðin byggir á samhæfingu nokkurra þátta, lykilþættir hennar eru:


- Framfarakerfi markmiða og verkefna.
- Stuðningur fullorðinna skátaforingja.
- Reynslunám.
- Hollusta við skátalögin.
- Táknræn umgjörð.
- Flokkakerfi.
- Hjálpsemi sem leið til þroska.
- Útilíf og náttúruvernd.
- Leikir sem námsaðferð.

Þó að hægt sé að nefna alla þessa afmörkuðu þætti er nauðsynlegt að skilja hvernig þeir tengjast og vinna saman til að átta sig á hvernig skátaaðferðin virkar í raun. Aðferðin er eins árangursrík og raun ber vitni vegna þess að þessir þættir eru samræmdir og í jafnvægi. Ef það vantar einhver hljóðfæri í sinfóníuhljómsveit, hljóðfærin eru vanstillt eða sum of hávær, þá hljómar tónverkið aldrei rétt.

Oft eru afmarkaðir þættir skátaaðferðarinnar skoðaðir einir og sér og ekki í samhengi hver við annan, það kemur í veg fyrir að við sjáum heildarmyndina. Ef skátaaðferðinni er beitt á svo takmarkaðan hátt má gera ráð fyrir lökum árangri. Líkt og öll önnur kerfi er skátaaðferðin margþætt, en með því að skilja tengingarnar á milli ólíkra þátta hennar getum við sem foringjar áttað okkur á hvernig hún virkar í raun og beitt henni á árangursríkan hátt í störfum okkar.



Þessi mynd sýnir hvernig afmarkaðir þættir skátaaðferðarinnar mynda eina heild. Við getum greint hana í þrjá meginþætti sem vinna saman og hver með öðrum.



## Í fyrsta lagi


### Fólkið:

### Skátarnir, fullorðnu foringjarnir og sambandið þeirra á milli

Efst á myndinni eru unglingarnir og neðst eru foringjarnir sem eru fullorðnir einstaklingar á mismundandi aldri. Örvanar tákna gagnvirkt samband þeirra á milli.

#### Þetta táknar:


- Lykilhlutverk og stöðu unglinganna.
- Leiðandi og styðjandi hlutverk fullorðinna foringja.
- Framlag skátanna til starfsins, hvort sem það kemur frá unglingnum eða flokknum í heild.
- Gagnkvæmt lærdómssamband skátanna og fullorðnu foringjanna varðandi lærdóm og þroska.



## Í öðru lagi

### **Það sem fólknið vill gera: Áfangamarkmiðin og verkefni sem hjálpa til við að ná þeim**

Á myndinni eru verkefni vinstra megin og markmið unglunganna hægra megin, þau eru tengd saman með örvum sem sýna sambandið milli þeirra.



#### Þetta táknar:


- Í flokknum og skátasveitinni fer allt starf fram með verkefnum sem leggja áherslu á uppgötvun í samræmi við áhersluna á reynslunám.
- Unglingarnir eru beðnir um að setja sér áskoranir gagnvart áfangamarkmiðum sem eru svo samþykktar fyrir hvern einstakan skáta af flokknum og foringjanum sem fylgist með framförum þeirra.
- Verkefni veita unglungunum persónulega reynslu sem smátt og smátt gerir þeim kleift að ná markmiðum sínum, með hjálp og stuðningi flokksfélaga sinna og sveitarforingjans.

## Í þriðja lagi

### **Hvernig er markmiðunum náð: Aðrir þættir skátaaðferðarinnar**

Í miðju myndarinnar mynda allir hinir hlutar aðferðarinnar hringrás tengdra þátta.

- Skátalögin, gildi sem leggja okkur lífsreglurnar og eru sett fram á tungumáli sem unglungarnir skilja vel; og skátaheitið, valfrjálst og persónulegt loforð um að reyna að lifa samkvæmt skátalögnum.
- Flokkakerfið, sem er skipulag óformlegrar jafningjafræðslu sem gerir flokkinn að lærdómssamfélagi.
- Táknræna umgjörðin, sem er ævintýrið sem felst í því að kanna og nema ný svið og nýjar lendur í hópi jafningja.
- Útilíf, í umhverfi þar sem árangursríkast er að framkvæma mörg verkefni flokksins og skátasveitarinnar.
- Leikir, lærdómsvettvangur sem vekur áhuga unglunganna, auðveldar aðlögun þeirra að skátaflokknum, hjálpar þeim að uppgötva hæfileika sína og hvetur þá til ævintýra, könnunar og uppgötvana.
- Hjálpsami, sem lýsir sér í góðverkum einstaklinga og samanstandur af verkum og verkefnum sem tengja skátann og þá sem minna mega sín og gerir samfélagshjálp og viljann til að hjálpa öðrum að lífsstíl skátans.



# SVEITARSTARFIÐ

## *Sveitarstarfið mótast af því að beita skátaaðferðinni*

Helstu kostir þess að nota skátaaðferðina í heild sinni eru að það skapast sérstakar aðstæður í sveitinni og flokkunum, sérstakt *andrúmsloft* sem við köllum *sveitarstarf*, en má líka einfaldlega kalla *skátastarf*.

Þetta sérstaka andrúmsloft kemur til af mörgum ástæðum:

- Fjölbreytilegri upplifun skátanna af flokkastarfi.
- Vinalegu viðmóti foringjanna.
- Heillandi verkefnum.
- Ögrandi áskorunum gagnvart áfangamarkmiðum.
- Gildum skátalaganna og þeim sjálfsprottnu reglum sem stjórna sameiginlegu starfi skátanna.
- Loforðinu sem felst í skátaheitinu.
- Tilgangnum sem táknræna umgjörðin skapar.
- Aðdráttarafli útilífsins.
- Ánægjunni af því að hjálpa öðrum.
- Lýðræðislegum ákvarðanatökum.
- Tilfinningunni að tilheyra hópi.
- Merkingu hátíða og athafna.
- Leikjum og söngvum.

Í stuttu máli, öllu því sem gerist við það að beita skátaaðferðinni á samhæfðan hátt.

## *Sveitarstarfið er það sem heldur í unglíngana*

Sveitarstarfið er það sem gerir skátastarf heillandi í augum unglínganna.

Andrúmsloftið er svo magnað að hver sá sem kemur í skátasveitina áttar sig strax á því að hann er í öðruvísi umhverfi sem er þess virði að njóta sem best. Upplifun þessarar stemmingar, sem við köllum stundum „skátaanda“ er ástæða þess að skátarnir vilja halda áfram að taka þátt í starfinu. Innihaldsrikt flokks- og sveitarstarf gerir það að verkum að unglíngar taka skátastarfið gjarnan fram yfir alla aðra valkosti í félagsstarfi. Ef sveitarstarfið er gefandi blómstrar flokkakerfið og unglíngarnir fá tækifæri til að njóta sín með vinum sínum í öflugum starfi skátaflokkanna. Það mun ekki hvarfla að þeim að hætta í skátastarfi.



## Sveitarstarfið og flokksstarfið skapa lærdómsvettvang

Það er ekki hægt að ná áfangamarkmiðunum með verkefnum einum og sér, þeim er aðeins hægt að ná með því að beita öllum þáttum skátaaðferðarinnar. Þannig að þegar fjallað er um nám í flokkunum má halda því fram að vettvangur skátasveitarinnar sé ekki innan-tómur, heldur sé hann vafinn ósýnilegum þræði lærdómsríkra athafna og samtala.

Þessi lærdómsvettvangur er hluti af sveitarstarfinu og sameinar alla þætti skátaaðferðarinnar.



Lærdómsvettvangurinn stuðlar að reynslunámi, þ.e. óformlegu námi án kennslustunda og fyrirlestra, utanbókarlærdóms eða einkunnagjafa, verðlauna og refsinga, án valdapírámíða eða ráðríkra einstaklinga en með vinalegri þátttöku fullorðinna foringja sem taka þátt í þroskaferli unglínganna.

## Sveitarstarfið skapar lífsstíl og mótar siðferðisvitund

Auk þess að búa yfir hlýlegu og virku andrúmslofti, sem gerir unglíngum kleift að svara áhuga sínum og löngunum til að kanna ný svið og nema nýjar lendur á ævintýralegan hátt, þá hjálpar sveitarstarfið þeim að byggja upp sinn eigin persónuleika í hópi vina sem eiga sér svipaða drauma og langanir. Það er gert undir eftirliti fullorðinna foringja sem sýna fordæmi á grunni þeirra gilda sem einkenna skátastarfið.

Í þessu andrúmslofti þróa unglíngarnir með sér siðferðisvitund og skapa sér persónubundið gildismat.

**Siðferðisvitund** er einstakur mannlegur hæfileiki. Hún gerir unglíngunum kleift að þekkja muninn á góðu og illu, réttu og röngu og greina þær reglur og þau gildi sem stjórná hegðun þeirra.

Á sama tíma læra þeir smám saman að meta ólík gildi og ómeðvitað koma þeir sér upp **gildismati** sem hefur áhrif á lífsáform þeirra. **Afkastageta** er til dæmis mjög gagnlegt gildi tæknilega séð en er ekki í sama flokki og **rétturinn á sanna-gjörnum launum** sem myndar siðfræðilega skyldu, eða **virðingu fyrir lífinu**, sem er sértækt gildi. Við megum ekki gleyma því að gæði uppeldis og menntunar eru metin eftir verðleikum, dýpt og umfangi gildanna sem unglíngarnir hafa hrifist af, viðurkennt og ákveðið að lifa eftir.





Það sem er einstakt við skátastarfið í uppeldisfræðilegum skilningi er að unglingarnir aðhyllast gildi þess um leið og þeir taka þátt í raunverulegu ferli þar sem þeir eru í lykilhlutverki. Umlukt þessu andrúmslofti lifa unglingarnir eftir gildunum og auka vitund sína án þess að ætla sér það sérstaklega. Þetta er miklu meira en vitsmunaleg eða tilfinningaleg virkni, þetta er lífsstíll sem þeir aðlagast og tileinka sér. Lífsstíll sem mun hafa áhrif á persónuleika þeirra um alla framtíð.

## ***Það er undir sveitarforingjunum komið hversu áhugavert og gefandi skátastarfið er***

Það hefur komið fram að þetta sérstaka andrúmsloft sem mótar skátastarfið er tilkomið vegna þess að skátaaðferðinni er beitt í heild sinni í starfi sveitarinnar.

Í þessari handbók fyrir sveitarforingja er sjaldan rætt um skátafélög eða félagsdeildir. Ástæðan er sú að grunneiningar skátastarfs eru skátaflokkurinn og skátasveitin. Gagnvart hverjum einstökum skáta skipta þær mestu máli. Það er svo skipulagsatriði, sem leyst er á marga mismunandi vegu, hvernig skátasveitir skipast í skátafélög. Það getur farið eftir stærð viðkomandi sveitarfélags og fjölda skátafélaga í stórum sveitarfélögum.

Eins og kynnt er í 7. kafla, er það verkefni sveitarforingjanna að beita skátaaðferðinni og ganga úr skugga um að sveitarstarfið verði í anda markmiða skátahreyfingarinnar.

**Gæði og fjölbreytileiki skátastarfsins eru ein mikilvægustu ábyrgðarhlutverk sveitarforingjanna.**

